

Ákvæði til bráðabirgða.

Samningar, sem um ræðir í 14. og 16. gr. og gerðir voru og formlega gengið frá fyrir 10. júlí 1987, þó svo að afhending samningsandvirðis til skuldara fari ekki fram fyrr en eftir framangreint tímamark, eru undanþegnir gjaldskyldu skv. V. kafla.

Af samningum, sem um ræðir í 14. og 16. gr. og gerðir voru og formlega gengið frá á tímabilinu 10. júlí 1987 til gildistöku laga þessara, þó svo að afhending samningsandvirðis fari fram síðar, skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 68/1987.

Gjört í Reykjavík, 10. mars 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

29. janúar 1988

Nr. 11

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 29. janúar 1988.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur Benediktsson.

LEIÐRÉTTING

Í endurútgáfu laga um eftirlaun til aldraðra, nr. 2 14. febrúar 1985, hefur 3. málsg. 16. gr. laganna fallið niður. Rétt er 16. gr. þannig:

Stjórnir hlutadeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslu þeirra. Eigi hlutadeigandi eftirlaunaþegi samkvæmt I. kafla ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau, nema samkomulag sé um annað milli þess sjóðs og lífeyrissjóðs fyrirtækis, sem félaginn hefur starfað hjá. Umsjónarnefnd eftirlauna annast úrskurðun og greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla, sé ekki um lífeyrissjóðsaðild að ræða, enda hafi ráðherra ekki ákveðið aðra tilhögun, sbr. 18. gr.

Nú upplýsir lífeyrissjóður, sem afgreiðir umsókn samkvæmt I. kafla, að réttindatími sé á sviði fleiri en eins lífeyrissjóðs, og getur þá umsjónarnefnd að beiðni sjóðsins úrskurðað um skiptingu greiðslna milli hlutadeigandi sjóða, en gefa skal hún hlutadeigandi sjóðum kost á að láta í ljós álit sitt áður en úrskurður er kveðinn upp.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur en tvö ár, reiknað frá lokum næsta mánaðar áður en umsókn berst umsjónarnefnd eftirlauna.